

Alþingi
Erindi nr. P 132/2057
komudagur 24.4.2006

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um legu þjóðvegur nr. 84. mál

Til: Samgöngunefndar Alþingis

Frá: Hólaskóla

Hólaskóli fagnar umræðu um nýja legu þjóðvegur sem fjallað er um í tillögunni. Það eru margvísleg rök sem styðja þennan nýja veg. Við bendum sérstaklega á tvo þætti sem varða göng undir Tröllaskagann:

Í fyrsta lagi munu slík göng tengja saman með afgerandi hætti stór atvinnusvæði, annars vegar Eyjafjörð og Skagafjörð og Húnavatnssýslur hins vegar. Fullljóst er að slík tenging mun hafa mikil áhrif á þróun atvinnulífs, samfélags og byggða á Norðurlandi í heild.

Í öðru lagi varðar málið uppbyggingu háskólastarfs á svæðinu mjög mikið. Nýr vegur myndi tengja Hólastað með kraftmiklum hætti við byggðir á Norðurlandi. Með göngum yrði fjarlægð milli Hóla og Akureyrar einungis um 59 km sem skapar alveg nýjar forsendur í samstarfi Háskólans á Hólum og Háskólans á Akureyri. Samstarf þessara skóla er nú þegar mikið en mundi eflast mikið með meiri landfræðilegri nálægð. Efling háskólastarfs og þekkingarsamféags er ein meginforsenda farsællar byggðapróunar og umrædd samgöngubót mundi hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka eflingu.

F.h. Hólaskóla Háskólans á Hólum
Skúli Skúlason
rektor